

| | | | |
|-------------------------------------|------------|------------|-------------|
| | Fluttar | kr. 442,00 | |
| b. Vegabótakostnaður | — | 1347,33 | |
| c. Eptirstöðvar: | | | |
| 1. af niðurjöfnunargjaldi | kr. 295,34 | | |
| 2. af vegagjaldi | — 317,17 | — 612,51 | kr. 2401,84 |

6. Strandasýsla:

Tekjur.

| | | | |
|------------------------------------|------------|----------|--|
| a. Eptirstöðvar | kr. 342,64 | | |
| b. Niðurjöfnunargjald | — 196,65 | | |
| c. Vegagjald | — 372,16 | | |
| d. Skuld fyrir vegabætur | — 43,15 | — 954,60 | |

Gjöld.

| | | | |
|-------------------------------------|------------|----------|----------|
| a. Sýslugjöld | — 214,00 | | |
| b. Vegabótakostnaður | — 372,20 | | |
| c. Eptirstöðvar: | | | |
| 1. af niðurjöfnunargjaldi | kr. 176,85 | | |
| 2. af vegagjaldi | — 191,55 | — 368,40 | — 954,60 |

Íslands vesturamt, Reykjavík 7. dag októbermán. 1885.

Magnús Stephensen

settur.

Brjef landshöfðingja til sýslumannsins í Norðurmúlasýslu um endurborgun 94
á vínfangatolli. — Eptir að jeg samkvæmt brjefi mínu 22. nóv. f. á. viðvíkjandi end- 19. sept.
urborgun á tolli af nokkru af vínföngum, sem fluttust með skipi Örum & Wulffs verzl-
unar á Vopnafirði, Harriet, í marzmánuði í fyrra, en sem tilfærð voru á tollskrá skipsins
sem skipsforði, hefi með þóknanlegu brjefi yðar, herra sýslumaður, 7. maí þ. á. meðtekið
upplýsingar um skipverjatölu á nefndu skipi þegar það kom hingað til landsins í fyrra
vor, og um það, hve lengi það var hjer við land áður það fór út aptur til Kaupmanna-
hafnar, læt jeg ekki hjálíða hjer með þjónustusamlega að gefa yður til vitundar, að með
því að jeg af þessum upplýsingum fæ sjeð, að skipverjar þeir, sem á skipinu komu
hingað frá Kaupmannahöfn þegar hinar tollskyldu vörur voru með því, -- en við þá
eina á að miða stærð hins tollfrjálsa skipsforða — aðeins voru 7, þó að síðar yrði fleiri
ráðnir á skipið til fiskiveiða, þá virðist engin ástæða til að leyfa skipi þessu að hafa
meiri vínfangaforða ótollaðan en þjer höfðuð álitid hæfilegt eða 158 potta af 8° brenni-
víni og konjaki auk nokkurs flöskuvíns, og það jafnvel þótt tekið væri tillit til þess, hve
lengi það dvaldi hjer við land við fiskiveiðar með fram, nefnilega í 8 mánuði. Jeg get
því ekki veitt samþykki mitt til að hin umbeðna endurborgun til Örum & Wulffs verzl-
unar á 36 kr. eigi sjer stað.

Þetta skal jeg þjónustusamlega skora á yður, herra sýslumaður, að birta fyrir
verzlunarstjóra Örum & Wulffs á Vopnafirði.

Brjef landshöfðingja til amtmannsins yfir suður- og vesturamtinu um að leggja 95
niður nokkrar þurrabúðir. — Samkvæmt tillögu yðar, herra amtmaður, í þóknanlegu 30. sept.

95 30. sept. brjefi 19. maí þ. á. vil jeg hjermeð fallast á, að þær 4 þurrabúðir, sem enn eru við líði í Rífsveiðistöð, en nú eru í eyði, og verða eigi byggðar, megi leggjast niður með öllu þannig, að þær verði teknar út af ábúandanum á Ingjaldshóli, Tómasi bónda Eggertsyni og víðirnir og annað fjemætt úr þeim selt við opinbert uppboð, en hlutadeigandi umbodsmáður gjöri skil fyrir uppboðsandröðinu í næsta umbodsræiðningi sínum, eptir að salan hefur farið fram, sem og álagi því, er kynni að verða ákveðið við úttekt þurrabúðanna.

Þetta tilkynni jeg yður hjermeð til þóknanlegrar leiðbeiningar og frekari ráðstöfunar.

STYRKUR ÚR LANDSSJÓÐI.

Samkvæmt fjárlögum fyrir 1884 og 1885.

10. gr. C 4.

Samkvæmt tillögum amtsráðsins í vesturamtinu voru 2466 kr. 67 a. af fje því til eflingar búnaði fyrir 1885, sem landshöfðinginn hefir til beinlínis umráða, veittar til búnaðarkennslustofnunarinnar í Ólafsdal.

Samþykktar tillögur:

Sýslunefndarinnar í Norðurmúlasýslu um að 580 kr. (sbr. Stjtið. þ. á. B 17) verði varið þannig, að búnaðarfjelag Vopnafjarðarhrepps fái 57 kr., búnaðarfjelag Skeggjastadahrepps 20 kr., búnaðarfjelag Jökuldals og Hlíðarhrepps 130 kr., búnaðarfjelag Fellahrepps 120 kr., búnaðarfjelag Fljótsdalshrepps 114 kr., og búnaðarfjelag Hjaltastadahrepps 89 kr., og loks, að ábúanda Þjóðjarðarinnar Stakkahlíðar verði veittar 50 kr. til að framhalda endurbótum á aðarvarpi á jörð þessari.

Sýslunefndarinnar í Suðurmúlasýslu um að 200 kr., sem voru eptir af hluta sýslunnar til eflingar búnaði fyrir 1884 (Stjtið. 1884 B. 30), verði veittar Finni bónda Björnssyni á Geirúlfstöðum til ýmsra jarðabóta, þó þannig, að hann sanni fyrst að hann sje búinn að vinna jarðabótastörfin.

Sömu sýslunefndar um að 520 kr. (sbr. Stjtið. þ. á. B. 17) verði veittar Benedikt Þórarinssyni í Skála í notum þess að hann hefir af eigin fje kostað miklu til að nema laxaklak erlendis, þó þannig, að hann, áður en hann fær peningana, sýni áreiðanleg vottorð um að hann sje fullnuma í laxa og urriðaklaki og útvelji stað eða staði, hentuga til slíks klaks, í Hjeraði eða fjörðum í Suðurmúlasýslu.

Sýslunefndarinnar í Austur-Skaptafellssýslu um að 160 kr. (sbr. Stjtið. þ. á. B. 17) verði varið þannig, að 60 kr. veitist búnaðarfjelagi Óræfinga og 100 kr. til að kosta báfræðing til að ferðast um sýsluna og leiðbeina mönnum í vatnsveitingum og öðrum jarðabótum.

Sýslunefndarinnar í Rangárvallasýslu um að 780 kr. (sbr. Stjtið. þ. á. B. 17) verði varið sumpart til að launa ferðabáfræðingi í sýslunni og sumpart til að styrkja menn til búnaðarlegra framkvæmda.

Bæjarstjórnarinnar á Ísafirði um að 40 kr. (sbr. Stjtið. þ. á. B. 17) verði varið til aðgjörða á vörzlugarði milli Torfness og Stakkaness.

Sýslunefndarinnar í Vestur-Skaptafellssýslu um að af fje því til eflingar búnaði sem þessu sýslufjelagi ber fyrir 1885 (sbr. Stjtið. þ. á. B. 17) verði 110 kr. varið til að styrkja framfarafjelag Dyrhólahrepps og 95 kr. til að styrkja 3 bændur í Kleifabreppi til að halda áfram jarðabótum á ábylisjörðum þeirra.

13. gr. V. a.

Kvennaskólanum í Reykjavík veittur 900 kr. styrkur fyrir 1885

16. gr. 6.

Markúsi skipstjóra Bjarnasyni veittur 100 kr. styrkur til að byrja kennslu í sjómannafræði í Reykjavík.

EMBÆTTISSKIPUN.

30. sept. skipaði landshöfðingi prest að Bergsstöðum, sjera Stefán Jónsson, prest að A u d k ú l u prestakalli í Húnavatnsprófastsdæmi frá næstkomandi fardögum.

ÓVEITT PRESTAKÖLL.

H ú s a v í k í Suðurþingeyjaprófastsdæmi. Metið 989 kr. 85 a. Auglýst 26. sept 1885.

B e r g s s t a ð i r í Húnavatnsprófastsdæmi. 750 kr. landssjóðslán hvílir á prestakallinu, sem endurborgast með 50 kr. á ári og ávaxtast með 4%. Metið 1075 kr. 43 a. Auglýst 1. okt. 1885.